

REGLUR**um smíði og búnað íslenskra skipa.****Hluti H 2.**

Um stöðugleika og öryggi fiskiskipa með mestu lengd 15 m og minni.

EFNISYFIRLIT:

1. gr. Gildissvið
2. gr. Almennt
3. gr. Fríborð og hámarkshleðsla
4. gr. Skjólborð og handrið
5. gr. Austurop
6. gr. Hæð lestarkarma og dyraþröskulda þilfarsbáta
7. gr. Refsingar
8. gr. Gildistaka.

1. Gildissvið.

- 1.1. Reglur þessar eiga við þilfarsbáta með mestu lengd 15 m og minni og opna báta 6 m og lengri, sem hafin er smíði á eftir gildistöku reglnanna.

2. Almennt.

- 2.1. Þilfarsbátur, er bátur sem varinn er ágangi sjávar stafna á milli með þilfari ofan sjólínu við hámarkshleðslu, án tillits til brunna, lestaropa, boxaopa, niðurgangskappa og yfirbygginga, þótt ekki séu vatnspétt.
- 2.2. Lausir plittar í opnum bátum, skulu hvíla á traustum undirstöðum og vera vel skorðaðir af, þannig að þeir sporðreisist ekki. Plittarnir skulu vera sem lægst í bátnum og aldrei ofan við sjólínu á báti með hámarkshleðslu.
- 2.3. Prófun á fullgerðum báti skal fara fram í viðurvist skoðunarmanns Siglingamálastofnunar ríkisins.
- 2.4. Athugun á hleðslu, stöðugleika og flothæfni báta, skal gerð við raunhæfar aðstæður á floti þar sem skoðunarmaður telur fullnægjandi.
- 2.5. Fyrsta bát hvernar bátsgerðar, skal reynslusígt skv. grein 2.08. í Norðurlanda-reglum um smíði skemmtibáta.

3. Fríborð og hámarkshleðsla.

- 3.1. Eftirfarandi ákvæði um fríborð eiga við opna báta með hámarkshleðslu:

- 3.2. Bátar með minna meðalfríborð en hið hærra af $\frac{4\Delta}{LmB}$ eða 400 mm, skulu búnir

flotholtum skv. gr. 2.04.—2.07. í Norðurlandareglum um smíði skemmtibáta.

Lm = mesta lengd bátsins í m.

B = mesta breidd á bol bátsins í m.

Δ = þyngd bátsins með hámarkshleðslu í kg.

$$\text{Meðalfríborð} = \frac{f_r + f_m + f_a}{3}$$

f_r = fríborð fremst.

f_m = fríborð á miðri mestu lengd.

f_a = fríborð aftast.

- 3.3. Bátar, sem skv. gr. 3.2. skulu búnir flotholtum, mega ekki hafa minna meðalfríborð en 0,2B, þó minnst 200 mm.
B = sjá gr. 3.2.
- 3.4. Bátar, sem hafa minna fríborð en krafist er skv. gr. 3.2. og hafa ekki flotholt skv. gr. 2.04.—2.07. í Norðurlandareglum um smíði skemmtibáta, skulu búnir sem þilfarsbátar.
- 3.5. Með í hámarkshleðslu skal reikna:
- fjölda manna, sem báturinn er viðurkenndur fyrir;
 - stærstu vél, sem báturinn er viðurkenndur fyrir;
 - þunga fullra geyma (vatn, eldsneyti, úrgangsgeymar o. fl.);
 - þunga búnaðar (legufæri, slökkvitæki, rafgeymar, veiðafæri o.fl.).
4. Skjólborð og handrið.
- 4.1. Nauðsynleg skjólborð eða handrið skal setja um öll opin þilför og skulu þau ekki vera lægri en 600 mm.
- 4.2. Allsstaðar þar sem vænta má umgangs, skal setja handrið eða handföng til öryggis.
5. Austurop.
- 5.1. Á skjólborðsklæðningu á óvörðu þilfari, skulu vera fullnægjandi austurop. Samanlagt flatarmál opa, A, á hvorri skipshlið, skal ekki vera minna en:
- a = $0,02 (1 b h + \text{rúmmál lúgu og reisnar}) \text{ m}^2$.
 - l = lengd þilfars í m.
 - b = breidd þilfars í m.
 - h = hæð skjólborðsklæðningar í m.
- 5.2. Staðsetning og fyrirkomulag austuropa skal vera skv. ákvæðum í Reglum um stöðugleika og öryggi fiskiskipa. Hluta H.
6. Hæð lestarkarma og dyraþröskulda þilfarsbáta.
- 6.1. Hæð á lestarkarmi skal ekki vera minni en 400 mm. Lokunarbúnaður lúgu skal vera skv. Reglum um stöðugleika og öryggi fiskiskipa. Hluta H.
- 6.2. Hæð á dyraþröskuldum, sem liggja beint út á þilfar, skal ekki vera minni en 400 mm.
7. Refsingar.
- 7.1. Brot á reglum þessum varða refsingu samkvæmt X. kafla laga nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum.
8. Gildistaka.
- 8.1. Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi ákvæði um hlutfall milli breiddar og dýptar skips í reglum nr. 59 20. apríl 1960 um smíði skarsúðaðra tréskipa.

Samgönguráðuneytið, 1. apríl 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.